

## 3. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu tolls samkvæmt 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af landbúnaðarhráefnum.

## 4. gr.

Auglýsing þess, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, tekur gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 256/1995, um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex, kökur o.fl.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði auglýsingar þessarar skulu taka til allra þeirra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

*Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1995.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

---

*Hermann Jónasson.*

**SKIPULAGSSKRÁ****fyrir Bókakaupasjóð Háskólans á Akureyri.**

## 1. gr.

Heiti sjóðsins er Bókakaupasjóður Háskólans á Akureyri. Heimili hans og varnarþing er á Akureyri.

## 2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru:

- Akureyrarbær, sem lagt hefur fram 500 þús. kr.
- Útgerðarfélag Akureyringa hf., sem lagt hefur fram 100 þús. kr.
- Landsbanki Íslands, sem lagt hefur fram 50 þús. kr.
- Sparisjóður Akureyrar, sem lagt hefur fram 50 þús. kr.
- Kaupfélag Eyfirðinga, sem lagt hefur fram 100 þús. kr.

Ofangreind fjárhæð, 800 þús. kr. hefur verið afhent Háskólanum á Akureyri til varðveislu og skal sjóðurinn vera í vörslu háskólans.

## 3. gr.

Stofnfé og tekjur sjóðsins eru:

1. Stofnframlag, sbr. 2. gr.
  2. Gjafir, sem sjóðnum kunna að berast.
  3. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.
- Stofnfé sjóðsins og gjafir sem honum kunna að berast má ekki skerða.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Háskólann á Akureyri til kaupa á bókum, tímaritum, kennsluforritum og myndböndum fyrir bókasafn háskólans.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, sem eru: Rektor háskólans, einn fulltrúi fastráðinna kennara háskólans og einn tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar.

Stjórn sjóðsins skal skipuð til 2ja ára í senn.

## 6. gr.

Stjórnin skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt, þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

## 7. gr.

Vöxtum af höfuðstól má úthluta í styrki skv. 4. gr. þegar stjórn sjóðsins ákveður.

## 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Um endurskoðun og birtingu reikninga fer sem um aðra sjóði Háskólans á Akureyri.

## 9. gr.

Komi til þess að gera þurfi breytingar á sjóðnum skal stjórn hans vera því samhljóða samþykkt. Auk þess skal leitað samþykkis stofnenda hans.

## 10. gr.

Ef til þess kæmi að sjóðurinn verði lagður niður, skal höfuðstól hans og vöxtum varið til Bókasafns Háskólans á Akureyri.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sem kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var 6. júní 1988, nr. 287/1988 og fellur sú skipulagsskrá jafnframt úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. júní 1995.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*